

Matvælaráðuneytið  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík

Sent í gegnum samráðsgátt

Reykjavík, 22.2. 2024

## Efni: Umsögn Landverndar um drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu

Landvernd fagnar því að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu sé í vinnslu og leggi þar með grunn að samræmdri og faglegri línu að bættri umgengni við dýrmætar auðlindir jarðvegs og gróðurs. Gott er að sjá að reglugerðardrögin byggja á góðum faglegum grunni og á mikilli reynslu, sérstaklega hvað varðar beitarnýtingu og vistheimt.

### Almennar athugasemdir

Skilgreiningin á hugtakinu sjálfbær landnýting virðist vera í góðu samræmi við alþjóðlega skilgreiningu og skilgreiningu í einstökum löndum. Þó skal bent á að í þessari skilgreiningu er aðallega vísað til einnar af þremur stoðum sjálfbærrar þróunar sem er náttúran. Efnahagslega og samfélagslega stoðin er ekki með í þessari skilgreiningu á heildrænan hátt. Að mati Landverndar þarf ekki endilega að breyta þessari skilgreiningu en mikilvægt er að vera meðvituð um þessa afmörkun.

Miðað við að reglugerðin snýst um sjálfbæra landnýtingu kemur upp sú spurning af hverju ekki er tekist á við allar tegundir landnýtingar með sama hætti og að sumt kemur ekki einu sinni fram í þessari reglugerð. Þannig eru kröfur varðandi beitarnýtingu vel útfærðar á meðan kröfur til annara nýtingar eru minna útfærðar, sérstaklega hvað varðar framkvæmdir. Og hvar á skógrækt heima, hvaða kröfur og viðmið eru gerðar þar? Þó að ýmsar reglur varðandi skógrækt séu til þá þarf a.m.k. að nefna skógrækt í þessari reglugerð. Enginn kafli er heldur um ágengar tegundir.

Þó að áherslan í reglugerðinni sé á jarðveg og gróður þá þarf að horfa á vistkerfin sem eina heild og m.a. tala um dýr eins og jarðvegsdýr, skordýr og fugla sem búa í viðkomandi vistkerfum og hafa þar líka mikilvæg hlutverk.

Almennt þykir Landvernd skorta á umfjöllun um náttúruvernd í reglugerðinni. Mikilvægt væri a.m. að vísa í meira mæli í náttúruverndarlögin þegar við á, sérstaklega þegar um er að ræða nýtingu innan friðlýstra svæða eða svæða á náttúruminjaskrá.

Stofnunin Land og skógur fær í þessari reglugerð mörg mikilvæg hlutverk og gott er að vita að starfsmenn með góða fagþekkingu og þálfun muni starfa í að framfylgja reglugerðinni. Spurt er hins vegar hversu skilvirkt og markvisst það er að sama stofnun sinni öllum helstu verkum

hringinn í kringum borðið hvort sem er mat, ráðgjöf eða eftirlit. Mikilvægt er að aðgreina þessi hlutverk.

## Athugasemdir við einstök mál

### Beitarnýting

Viðmið fyrir mat á ástandi beitarlands eru vel skilgreind og byggja á reynsluviðmiðum undanfarinna áratuga. Notkun á tilgátuviðmiðunarsvæði getur verið umdeild en er áhugaverð nálgun á málinu.

Í reglugerðardrögunum er ekki vikið að ágangi búfjár á land í eigu annarra. Mikilvægt væri að vísa í viðeigandi lög og reglur varðandi þau mál.

Benda skal á að hingað til hefur oft vantað að farið hafi verið eftir ítölu þar sem það var ákveðið. Í þessari reglugerð er samt talað um ítölu sem mögulegt úrræði.

### Akuryrkja

Á bls. 15 stendur m.a. „Umsjón jarðvegs er sjálfbær ef ...“ Hér væri best að breyta orðalaginu því umsjónin sjálf getur ekki verið sjálfbær. Betra væri að segja „Nýting jarðvegs er sjálfbær ef ...“.

Á bls. 18 er örstutt um landbúnaðarskógrækt. Mjög óljóst er hvort hér er eingöngu átt við skjólbelti eða einnig við skógrækt á stærri skala. Og eins og áður hefur komið fram í þessum athugasemdum þá vantar alla umfjöllun, viðmið og reglur um skógrækt.

Umfjöllunin um varnarefni á bls. 19 vekur furðu. Þar er m.a. talað um nokkur „jákvæð“ áhrif af notkun varnarefna en ekki orð um neikvæðu áhrifin eins og hugsanlega jarðvegs- og vatnsmengun og minnkun á líffræðilegri fjölbreytni sérstaklega með því að efnin komist inn í fæðukeðju. Ávallt ætti að forðast að nota varnarefni nema í „neyðartilfellum“.

Á bls. 20 stendur m.a. „Afrennsli eða framræslu akra er æskilegt að skipuleggja þannig að hún sé skilvirk og umhverfisvæn.“ Það er varla hægt að segja að afrennsli og framræsla sé umhverfisvæn. Betra væri að orða það þannig að afrennsli og framræsla hafi sem minnst neikvæð áhrif á náttúruna/eða vistkerfið.

Ekkert er minnst á viðmið varðandi þaulræktun sem getur haft töluverð neikvæð áhrif á vistkerfi.

### Framkvæmdir

Landvernd telur það mjög gagnrýnisvert hversu veikur og efnislítill kaflinn um framkvæmdir er. Eru ekki gerðar sömu kröfur til framkvæmdaraðila og til bænda? Hvar eru tilmæli, reglur og viðmið vegna leyfa til framkvæmda, á framkvæmdartíma og vegna frágangs, mótvægisáðgerða og endurheimtar? Óljóst er m.a. hvaða viðmið eru til staðar til að bæta fyrir það tjón sem t.d. ákveðin framkvæmd veldur og hvaða ferli þarf að fylgja við þá vinnu.

Úrbóta er þörf á þessum kafla.

### Umferð fólks og ökutækja

Hér er aðallega um leiðbeiningar og vinsamleg tilmæli að ræða en ekki kemur skýrt fram hvenær þarf að grípa inn og hvernig.

### Í lokin

Miðað við hversu vel útfærðar reglurnar eru varðandi beitarnýtingu er ljóst að það vantar upp á samræmi í kröfum sem eru gerðar við mismunandi nýtingu. Betur þarf að skilgreina viðmiðin varðandi akuryrkju og umferð fólks og ökutækja. Og nær alfarið á eftir að skilgreina viðmið og reglur varðandi framkvæmdir. Það er helstu galli þessara reglugerðardraga að þau ná ekki yfir landnýtingu almennt heldur einungis yfir afmarkaða þætti hennar. Heildræn reglugerð væri nauðsynleg.

Landvernd þakkar fyrir þessa mikilvægu vinnu sem hefur farið fram við gerð þessara reglugerðardraga en hvetur jafnframt til þess að bæta þau svo reglugerðin muni á skýran og markvissan hátt hjálpa við að vernda og endurheimta okkar dýrmætu jarðvegs- og gróðurauðlindir í sátt við nýtingu þeirra á sjálfbæran hátt.

*Með vinsemd og virðingu, fh. stjórnar Landverndar*

*Þorgerður María Þorbjarnardóttir, formaður*